

Framboð

Verkalýðslisti í Vestmannaeyjum

Ragnar Óskarsson efstur á framboðslista Alþýðubandalagsins í Eyjum

Framboðslisti Alþýðubandalagsins í Vestmannaeyjum vegna sveitastjórnarkosninganna í vor var samþykktur á fundi í félaginu í fyrrakvöld. Athygli vekur að Sveinn Tómasson bæjarfulltrúi flokksins gefur ekki kost á sér aftur en í hans stað fer Ragnar Óskarsson kennari í fyrsta sætið. 13 manns af þeim 18

sem skipa listann eru verkafólk í almennri merkingu orðsins. Listinn lítur svona út:

1. Ragnar Óskarsson kennari, 2. Guðmunda Steingrimsdóttir sjúkraliði, 3. Elfas Björnsson formaður Sjómannafélagsins Jötuns, 4. Jóhanna Friðriksdóttir formaður Verkavennafélagsins Snótar, 5. Jón Kjartansson for-

maður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, 6. Svava Hafsteinsdóttir starfsstúlka, 7. Þorsteinn Gunnarsson nemi, 8. Matthildur Sigurðardóttir verkakona, 9. Ástþór Jónsson varaformaður Sjómannafélagsins Jötuns, 10. Aðalheiður Sveinsdóttir verkakona, 11. Sævar Halldórsson varaformaður

Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, 12. Edda Tegeder póstur, 13. Armann Bjarnfredsson verkamaður, 14. Gunnlaug Einarsdóttir verkakona, 15. Hörður Þórðarson trésmiður, 16. Ólöf M. Magnúsdóttir kennari, 17. Dagmey Einarsdóttir verkakona og 18. Hermann Jónsson verkamaður. —gkm

TOPPÍÐ



Við Geir leyfum sko engum rússum að kíkja upp undir okkur hér á Íslandi.

Grandi hf.

Enn verður kært

Félagsmálaráðuneytið veigrar sér við að taka afstöðu til kæru minnihlutans í borgarstjórn um stjórn Granda hf.

Sú ákvörðun Davíðs Odds-sonar borgarstjóra að skeyta í engu um vilja minnihluta borgarstjórnar við skipan fulltrúa borgarinnar í stjórn Granda hf. á sínum tíma verður að öllum líkindum kærð til félagsmálaráðuneytisins að nýju innan skamms, en nýlega tilkynnti ráðuneytið að það gæti ekki tekið afstöðu til fyrri kæru minnihlutans nema málið fengi umfjöllun og afgreiðslu í borgarstjórn.

Sigurjón Pétursson og Kristján Benediktsson lögðu í gær fram ályktun í borgarráði þess efnis að borgarstjóri hafi ekki haft heimild til þess einn og sér að tilnefna alla stjórnarmenn borgarinnar í Granda hf. heldur heyrri það undir borgarstjórn að kjósa þá með lýðræðislegum hætti. Afgreiðslu ályktunarinnar var frestað til næsta fundar borgarráðs. Verði hún felld þar eins og gera má ráð fyrir, kemur málið til kasta borgarstjórnar. Ef fhaldið í borgarstjórn situr þá fast við sinn keip, verður málið enn kært til félagsmálaráðuneytisins.

Þegar af sameiningu BÚR og Ísbjarnarins varð í nóvember skipaði Davíð þá Þróst Ólafsson framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, Þórarín Þórarínsson framkvæmdastjóra VSI og Ragnar Júlíusson borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í stjórn fyrirtækisins fyrir borgina. —gg

Leiðrétting


Misritun varð í frásögn blaðsins í gær af keppni í unglingsflokki Skákþings Reykjavíkur. Einn keppenda var nefndur Ólafur Vídalín en nafn hans er Ólafur Valdín Halldórsson. Við biðjumst velvirðingar.

Gerðuberg

Konur í myndlist

Um næstu helgi hefst sýning í Gerðubergi á verkum kvenna í eigu Reykjavíkurborgar. Hér er um að ræða 2. hluta sýningarinnar og þar eru til sýnis verk eftir núlifandi listakonur. Þar verða til sýnis málverk, vefnaður, grafík og fleira.

Það er Gerðuberg sem stendur fyrir sýningunni í samráði við stjórn Kjarvalsstaða. Þessir listamenn eiga verk á sýningunni sem lýkur 15. febrúar: Ása Ólafsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Ingunn Eydal, Jóhanna Bogadóttir, Karen Agnete Þórðarson, Karólína Lárusdóttir, Kristín Jónsdóttir, Louisa Matthíasdóttir, Margrét Jóelsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Sigríð Valtíngojer, Sigrún Guðjónsdóttir, Sólveig Eggerts Pétursdóttir, Svava Þórisdóttir og Þorbjörg Höskuldsdóttir. —v



Verk kvenna í eigu borgarinnar koma frá 19 borgarstofnunum en frá og með næstu helgi gefst almenningi kostur á að sjá þau á einum stað í Gerðubergi. Umsjónarmaðurinn Gerla stillti sér upp. Ljós. E.Ól.

KÍ

Grípum til aðgerða

Fulltrúaráð KÍ: Launamunur grunnskólakennara verði leiðréttur þegar.

Valgeir Gestsson formaður KÍ: Bullandi óánægja í skólunum

Það er bullandi óánægja úti í skólunum með þessa mismun un kennara í launum og við munum á næstu dögum halda vinnustaðafundi til að koma af stað umræðu um þessi mál, en það hefur engin ákvörðun verið tekin um aðgerðir, sagði Valgeir Gestsson formaður Kennarasambands Íslands í samtali við Þjóðviljann í gær.

Fulltrúaráð Kennarasambandsins samþykkti á fundi um síðustu helgi ályktun þar sem því er mótmælt harðlega að ekki hafi verið staðið við loforð fyrrverandi fjármálaráðherra, Alberts Guðmundssonar um jöfnun launa á grunnskólastigi, en sem stendur munar nú um 5% í launum á félögum í KÍ og HÍK. Nú nýlega hafnaði Þorsteinn Pálsson þessari kröfu kennara í KÍ. Nái þessi leiðrétting ekki fram að ganga sjá kennarar sig nauðbeygða til að grípa til aðgerða.

Þá samþykkti fundurinn að skora á fjármálaráðherra að beita sér fyrir lagasetningu á þessu þingi sem tryggi félögum KÍ fullan samnings- og verkfallsrétt.

Fulltrúaráðið fjallaði einnig um kjaramál og samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Undanfarnar vikur hafa dundið á launafólki í landinu stanslausar hækkningar á vöruverði, þjónustu og óbeinum sköttum. Sem dæmi má nefna hækkun á lyfjum og lækniþjónustu um allt að 33%, 17% hækkun á gjaldskrá pósts og síma, 20% hækkun dag-

vistargjalda, hækkun á flugvallarskatti og svo mætti lengi telja.

Laun hafa verið óverðtryggt frá árinu 1983 sem hefur haft í för með sér gífurlega kaupmáttarskerðingu. Benda má á að kaupmáttur kaupaxta minnkaði um 18,9% á árinu 1983 og um 7,7% á árinu 1984. Á sama tíma hefur lánskjaravísitala verið í fullu gildi.

Frá því í maí 1983 hafa laun hækkað um 83,9% en á sama tíma hefur lánskjaravísitala hækkað um 120,6% og framfærsluvísitala um 112,4%.

Launafólk þolir ekki frekari kjaraskerðingu. Samningar eru lausir og ekkert skrið komið á samningaviðræður. Það er sjálfsgöð krafa launafólks að samið verði strax.“ —gg

Námsmenn

Nýir stúdentagarðar áformaðir

150 nýjar íbúðir á þrem árum

Félagstofnun stúdenta hyggst reisa 150 íbúðir í stúdentagarðum á næstu þrem árum. Átlunin er að fjármagna íbúðir þessar með lánum úr Byggingasjóði verkamanna, allt að 80% af byggingakostnaði, sem Félagstofnun á rétt á, en restina þarf stofnunin sjálf að fjármagna. Það eru um 50 milljón krónur.

Ársæll Harðarson, fram-

kvæmdastjóri Félagstofnunar, sagði við Þjóðviljann, að sjóðs- stjórnin myndi í samvinnu við Félagstofnun fara í að leysa það verkefni. Stofnframlag í sjóðinn kemur frá Stúdentaráði, og er það 820 þúsund krónur. Þá leggur Félagstofnun fram 1 milljón 640 þúsund. Afganginum á svo að safna hjá sveitarfélögum, bönkum, einstaklingum

og fyrirtækjum. Ársæll sagðist bjartsýnn á að það tækist. Benti hann á að hjónagardarnir hefðu á sínum tíma verið reistir fyrir framlög frá sveitarfélögum.

Óvissuþátturinn í þessu er einkum það sem bundið er í lögum, sem sagt framlögin úr Byggingasjóði verkamanna. Sagði Ársæll að þeir hefðu þegar

fengið jákvæð svör frá sjóðnum, en þó ætti eftir að reyna á efndirnar.

Um þessar mundir er undirbúningsvinnan að fara af stað, hönnunarvinna og frágangur á útboðum. Það verður svo í lok þessa árs og upphafi næsta að verulegur skriður kemst á útgjöldin.

Sáf